

Vottanir og upprunamerkingar matvæla

Niðurstöður greiningar

Oddný Anna Björnsdóttir

September 2018

Yfirlit

1. Vottun

- Skilgreiningar á helstu hugtökum
- Val á vottun
- Val á vottunaraðila
- Alþjóðastofnanir og samtök
- Alþjóðlegar vottanir

2. Upprunamerki

3. Staðan á Íslandi

4. Áskoranir og ávinningur

5. Staðan á Íslandi

Upplýsingaöflun

Helstu alþjóðlegar vottanir og upprunamerkingar

- Upplýsinga aflað af netinu með víðtækri upplýsingaleit af hundruðum heimasíðna og lestri fjölda skýrslna, rannsókna og kannanna sem og samtölum við innlenda sérfræðinga

Staðan á Íslandi

- Viðtöl við fulltrúa **19** íslenskra fyrirtækja sem stunda útflutning
- Samtöl við sérfræðinga frá vottunarstofum, eftirlitsaðilum, smásölum, stofnunum og samtökum
- Skýrslur og kannanir
 - Skýrsla Íslandsstofu frá 2016 um útflutning íslenskra matvæla
 - Könnun Samtaka iðnaðarins frá 2017 meðal aðildarfélaganna um virði vottana
 - Meistararitgerðir um gæðamál í íslenskum matvælaíðnaði og afurðavottanir og umhverfismerkingar í íslenskum sjávarútvegi
 - Gagnlegar heimildir af netinu



Ólíkar þarfir og kröfur

Atvinnugreinar

- Fiskveiðar og vinnsla
- Fiskeldi og vinnsla
- Landbúnaður og vinnsla
- Matvæla-, drykkjar- og fæðubótarefnaframleiðsla

Markaðir

- Heimsmarkaður - hráefni fyrir vörumerki annarra (PL) - eigið vörumerki

Kaupendur

- Milliliðir/dreifingaraðilar
- Smásöluverslanir - alþjóðlegar og staðbundnar keðjur, sérsverslanir og netverslanir

Landfræðilegt


- Heimsálfur/ríkjasambönd
- Svæði, lönd og landssvæði

Neytendur

- Þróun í þá átt að vera meira samfélagslega og heilsufarslega meðvitaðir; krefjast vottana og vilja vita um uppruna

Skilgreiningar á helstu hugtökum

...sem tengjast vottunum



Staðall

Kröfulýsing á ferli, aðferð eða afurð - vöru eða þjónustu - sem unnt er að sannprófa á grundvelli formlegrar úttektar

Í staðli er að finna **skilgreiningar**, **skýringar** og **reglur** sem tilgreina nánar hvað þurfi að gera til þess að *uppfylla kröfur* á tilgreindu sviði

Flokka má staðla eftir því **hverjir** standa að gerð þeirra og hve **víðtæka svæðaskírskotun** þeim er ætlað að hafa, þ.e. hvort þeir byggji á:

- Formlegri aðkomu **stjórnvalds**, þ.e. alþjóðastofnana, ríkjasambanda og opinberra aðila, eða
- Fumkvæði og starfi frjálsra **félagasamtaka**, **fyrirtækja** og **einstaklinga** (sem geta verið eigendur staðla)

Staðlar eru jafnan **valfrjálsir** en stjórnvöld geta gert notkun tiltekinna staðla **skyldubundna** með vísun til þeirra í reglugerð

- Getur virkað sem viðskiptahöft fyrir erlenda framleiðendur

Vottunarhugtök

Vottunarstofa er aðili sem framkvæmir *samræmismat* og *vottun* (þriðji aðili)

Samræmismat er úttekt á því hvort vara/ferli/kerfi/aðili uppfylli kröfur tiltekins *staðals* eða *löggjafar*

Vottun felst í því að aðili *staðfesti skriflega* kröfur staðalsins/löggjafarinnar séu uppfylltar

Þriðji aðili er sá sem viðurkenndur er *óháður* þeim sem úttekt fer fram á

Annar aðili er *tengdur* málsaðila

Fyrsti aðili - málsaðilinn *sjálfur* lýsir sig hæfan

Trúverðugleiki er því jafnan mestur á vottun *þriðja aðila*



Faggilding

Formleg viðurkenning faggildingaraðila á því að vottunarstofa sé *hæf til að framkvæma samræmismat og vottun*

Faggildingaraðilar geta verið viðurkenndir af stjórnvöldum

[Faggildingarsvið einkaleyfastofu](#) (ISAC) dæmi um það en ISAC annast faggildingu *vottunar*-, eftirlits- og prófunarstofa hér á landi samkvæmt [lögum um faggildingunni o.fl.](#), nr. 24/2006

Einkaaðilar sinna einnig faggildingunni, t.d. [IOAS](#) á sviði vottunar lífrænna aðila og [ASI](#) á sviði MSC, ASC og FSC vottunar

Faggilding er starfrækt *alþjóðlega* og miðar að því að vara eða þjónusta sem er prófuð, skoðuð eða *vottuð* í einu landi af faggildum aðila sé *viðurkennd í öllum löndum* þar sem faggilding er í boði



[ISO/IEC 17065:2012](#)

ISO staðall fyrir faggildingunni: Inniheldur kröfur fyrir aðila sem votta vörur, ferla og þjónustu

Vottunarferlið

1. Hefst þegar **umsókn** um vottun er send til vottunarstofu
2. Ákvörðun um vottun er tekin á grundvelli **úttektar** á starfsemi umsækjanda
3. **Þjálfaður úttektaraðili** annast úttektina fyrir hönd vottunarstofunnar
4. **Staðfest með vottorði** sem tilgreinir nafn þess sem hlýtur vottun, þær reglur/staðal sem vottað er samkvæmt, gildistíma vottunar og umfang hennar
5. Vottunin veitir handhafa **heimild** til að nota **vottunarkerki** og **tilvísun** samkvæmt samningi þar um á **umbúðir** og við **markaðssetningu** vottaðrar framleiðslu



Vottun á rekjanleikakeðju – chain of custody

Rekjanleiki er grundvallaratriði við vottun matvæla, fóðurs, búfjár og búfjárafurða - og allra aðfanga og efna til slíkrar framleiðslu

Skilgreining á rekjanleika: Möguleikinn á að *rekja feril* þess sem framleitt er í gegnum öll stig frumvinnslu, úrvinnslu og dreifingar


Sannprófun rekjanleika er mikilvægur þáttur í úttektum og vottun

Rofni rekjanleiki er **ekki** unnt að sýna fram á hvaðan vara eða þjónusta hefur borist og hvort framleiðsla hennar hafi *uppfyllt kröfulýsingu* staðals eða löggjafar



Flæðirit vottunarkerfis

Lýsir því samhengi sem vottun á sér stað í og tengslum einstakra aðila sem að því koma



Val á vottun

...og staðli í framhaldi af því



Val á vottun og staðli

Pegar metið er hvaða **vottun** hentar fyrir afurð, þarf að kynna sér þá **staðla** sem vottað er eftir

- Þegar tegund vottunar er ljós þarf að **velja á milli** þeirra staðla sem í boði eru
- Þá ber að hafa í huga hverjir hafi **náð mestri útbreiðslu**, því mikilvægt er að vottunarkerkið sé **vel þekkt og njóti trausts** meðal neytenda/markhópa fyrirtækisins
- Rétt er að hafa í huga að **ólíkt er eftir mörkuðum**, hvaða vottanir og vottunarkerki eru vel þekkt - sum eru t.d. einkum þekkt í Evrópu, en önnur í Bandaríkjunum.
 - Í þeim tilfellum gæti verið nauðsynlegt að fá vottun samkvæmt fleiri en einum staðli
- Til eru **kannanir** sem gefa gagnlegar upplýsingar um **útbreiðslu og traust** til vottunarkerkja á viðkomandi mörkuðum sem finna má á netinu

Val á vottun og staðli, frh.

- Oft er valið einfalt; einfaldlega *krafa frá mikilvægum viðskiptavinum/vinum*
- Þá getur sú staða komið upp að mikilvægur viðskiptavinur, t.d. í Bretlandi, krefjist vottunar samkvæmt einum staðli, en viðskiptavinur í Þýskalandi samkvæmt *öðrum* sambærilegum staðli
- Þá má byrja á að spyrja annan þeirra hvort hann sætti sig við vottun samkvæmt *öðrum staðli* sem talinn er *sambærilegur* af GFSI eða GSSI, eða innleitt og *fengið vottun samkvæmt báðum*
- Það þarf ekki að vera flókið þar sem staðlarnir eru að megninu til sambærilegir og oft hægt að láta gera *úttekt á þeim báðum á sama tíma*
- Þegar ákveðið hefur verið hvaða vottun skuli sækja um, þarf að komast að því hvaða *vottunaraðilar eru faggildir* til að votta skv. viðkomandi staðli

Val á vottunaraðila

...og vottunaraðilar á Íslandi



Val á vottunaraðila

Byggir á því hver **staðallinn** er, á hvaða **mörkuðum** fyrirtæki starfar, hverjar **vörurnar** eru og **tillögum** frá viðskiptavinum eða öðrum sem til þekkja

- Þegar fyrir liggur hvaða staðli fyrirtækið vill vinna eftir og fá vottun samkvæmt þarf að finna út ***hvaða vottunarstofur eru faggildar til að votta samkvæmt þeim staðli***
- Vottunarstofur eru jafnan faggildar til að votta samkvæmt ***tilteknum staðli, einum eða fleirum***
- Þegar um alþjóðlega vottun er að ræða er mikilvægt að velja vottunarstofu með ***alþjóðlega viðurkennda faggildingu***
- Faggildar vottunarstofur er að finna um allan heim
 - Yfirlit yfir þau lönd sem hýsa alþjóðlega viðurkennda faggildingarþjónustu má finna á síðu [International Accreditation Forum](#)

Val á vottunaraðila, frh.

- Gott er að byrja á því að *spyrja helstu viðskiptavini og birgja* um þær kröfur sem þeir geri
- *Lista yfir vottunarstofur* sem eru faggildar til að votta samkvæmt tilteknum staðli má yfirleitt finna á *vefsíðu staðalsins/staðaleigandans*
- Einnig er hægt að fara inn á síður *þekktra alþjóðlegra vottunaraðila* og kanna eftir hvaða stöðlum þeir eru faggildir til að votta
- Stundum er *aðeins um einn vottunaraðila að ræða* en í öðrum tilfellum eru *fleiri en einn* sem kemur til greina
 - Þá er skynsamlegt að *kynna sér hverja vottunarstofu fyrir sig*, þ.m.t. sögu, markaðshlutdeild, traust, vinnuaðferðir og gjaldskrá áður en ákvörðun er tekin
- Einnig er gott að *hafa samband við fleiri en eina vottunarstofu*
 - Fá nánari upplýsingar, fara yfir þarfir fyrirtækisins o.fl.
- Þegar þær upplýsingar liggja fyrir er *hægt að bera saman og taka ákvörðun* byggða á þeim samanburði

Vottunaraðilar á Íslandi

Vottun hf. - íslensk vottunarstofa

- Stofnuð árið 1991 og er faggild af ISAC til vottunar stjórnunarkerfanna *ISO 9001 og 14000*, ásamt OHSAS 18001 og ÍST 85:2012
- Býður upp á ýmsa úttekta- og vottunarþjónustu, m.a. í samstarfi við erlendar faggildar vottunarstofur



Vottunarstofan Tún ehf. - íslensk vottunarstofa

- Stofnuð árið 1994 að frumkvæði samtaka bænda og fyrirtækja, neytenda og verslunar
- Faggild af ISAC til vottunar *lífrænnar framleiðslu* og af þýsku stofunni ASI GmbH til *MSC vottunar fiskveiða og rekjanleika sjávarafurða*



BSi á Íslandi – umboðsaðili [BSi group](#)

- Vottar *stjórnunarkerfi* samkvæmt *ISO stöðlum* og *öðrum alþjóðlega viðurkenndum stöðlum*
- Faggilding BSi á Íslandi er í gegnum BSi Group
- Stofan hefur á að skipa hópi sérfræðinga á ólíkum sviðum varðandi faggildar vottanir um allan heim



Sýni ehf. – úttektarþjónusta

- Faggild til að veita *úttektarþjónustu* á stöðlum eins og IRF/MSC og BRC/IFS/ISO22000
- [Promat á Akureyri](#) sem er í samstarfi við Sýni veitir *úttektarþjónustu* á gæðakerfum, t.d. BRC



Alþjóðastofnanir og samtök

...á sviði vottunar og staðlamála



Samtök faggildingaraðila – viðurkenndir af stjórnvöldum

[International Accreditation Forum \(IAF\)](#) og [European Accreditation \(EA\)](#) eru annars vegar *alþjóðleg* og hins vegar *evrópsk* samtök faggildingaraðila (aðila sem faggilda vottunarstofur) sem eru viðurkenndir af stjórnvöldum í sínu landi sem og ýmissa annarra aðila sem láta sig samræmismat varða

Multi-Lateral Agreement (MLA) - aðilar beggja samtaka hafa undirritað fjölþjóðasamning (MLA) um að þeir viðurkenni og samþykki að faggildingarkerfi hvors annars séu sambærileg sem og áreiðanleiki samræmismata þeirra faggildingaraðila sem þeir sem undirrita samninginn hafa faggilt, [IAF](#) og [EA](#)

IAF hefur [formlega viðurkennt](#) fjölþjóðasamning EA



Faggildingasvið einkaleyfastofu (ISAC) sem er viðurkennt af stjórnvöldum og starfar í samræmi við lög um faggildingingu er ekki á [meðlimalista](#) IAF þar sem það hefur ekki farið í gegnum jafningjamat ISAC er hins vegar á [meðlimalista](#) EA.



**Certified Once
Accepted Everywhere**



FAO – Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna

FAO - Food and Agriculture Organization of the United Nations - er vettvangur þjóða heims til að móta stefnu og gera samkomulag um málefni *matvælaframleiðslu* og *skógræktar* þar sem *sjálfbærni* í nýtingu auðlinda er *lykilþáttur*



FAO – reglur og leiðbeiningar

1995 kynnti FAO [siðareglur um ábyrgar fiskveiðar](#) en tilgangur þeirra er að tryggja virka verndun, stjórnun og þróun lifandi auðlinda í sjó og vatni, með tilhlýðilegri virðingu fyrir vistkerfinu í heild sem og fjölbreytileika lífríkisins

2005 gaf FAO út leiðbeinandi reglur um hvernig standa eigi að [umhverfissvottun þriðja aðila á sjávarafurðum](#) þar sem lágmarksskilyrðin eru að

- fyrir hendi sé virkt fiskveiðistjórnunarkerfi
- stofninn sé ekki of veiddur og að stefnt sé að kjörnýtingu hans til lengri tíma litið
- áhrif veiðanna á vistkerfið í heild séu lágörkuð og tekist sé á við þau áhrif á ábyrgan hátt

2017 gáfu FAO og OECD/Efnahags- og framfarastofnun Evrópu út leiðbeiningar - [OECD-FAO Guidance for Responsible Agricultural Supply Chains](#) - sem er ætlað að aðstoða fyrirtæki við að uppfylla staðla um ábyrga viðskiptahætti í gegnum aðfangakeðjuna



ISO – Alþjóðlega staðlastofnunin

ISO - *International Organization for Standardization* - þróar og gefur út alþjóðlega staðla

Meðlimir hennar eru staðlaráð 161 þjóðar sem eru jafnframt fulltrúar ISO í sínu landi

Meðal vinsælustu staðla ISO eru 9001, 22000 og 14000



International
Organization for
Standardization



ISO 9001 Quality management

Make sure your products and services meet customers' needs with this family of standards.



ISO 22000 Food safety management

Inspire confidence in your food products with this family of standards.



ISO 14000 Environmental management

Improve your environmental performance with this family of standards.

ISO – Alþjóðlega staðlastofnunin

Staðlaráð Íslands er fulltrúi og gætir réttar ISO á Íslandi




- Hefur umsjón með staðlamálum á grundvelli [laga nr. 36/2003](#)
 - Í 2. gr. þeirra laga er íslenskur staðall skilgreindur sem staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands
- Hefur umsjón með samningu staðla, veitir upplýsingar um þá og selur
- Tengiliður íslenskra hagsmunaaðila inn í alþjóðlegt staðlastarf
- Staðlaráð er einnig fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum IEC og evrópsku staðlasamtökunum [CEN](#), CENELEC og ETSI og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA og NOREK



ISEAL – Samband alþjóðlegrar faggildingar og merkinga á sviði samfélags- og umhverfisstaðla

Meðlimir [ISEAL alliance](#) - *International Social and Environmental Accreditation and Labelling* - eru *félög sem eiga sjálfbærnistaðla og alþjóðlegir faggildingaraðilar*

[Meðlimirnir](#) skuldbinda sig til að fylgja meginreglum sambandsins um [áreiðanleika](#) og [gott verklag](#) við gerð staðla, til að tryggja fylgni og fylgjast með áhrifum þeirra



CODEX ALIMENTARIUS



CODEX er sameiginleg staðlanefnd starfrækt af FAO og WHO (Alþjóða heilbrigðismálastofnunin)

Gefur út svokallaða CODEX texta sem eru alþjóðlegar *viðmiðunarreglur, staðlar og leiðbeiningar* um matvælaframleiðslu

Textarnir eru *valfrjálsir* - sameiginlegur grunnur til að byggja á

Stjórnvöld í hverju landi þurfa því að *innleiða* þá í lög og reglugerðir til að geta framfylgt þeim



IFOAM - Alþjóðasamtök lífrænnna landbúnaðarhreyfinga

IFOAM - *International Federation of Organic Agriculture Movements* - eru regnhlífarsamtök framleiðenda og þjónustuaðila í yfir 100 löndum sem **vinna að framgangi lífrænnna aðferða** í landbúnaði og matvælaframleiðslu

Standa fyrir umfangsmikilli **þróunarvinnu** og **stefnumótun, ráðstefnuhaldi** og **útgáfustarfsemi** á þessu sviði

Á vegum IFOAM starfa einnig svæða- og málefnaþópar, t.d. [Evrópusambandshópur](#) sem **taka virkan þátt í mótun stefnu og reglugerða** ESB um málaflokkinn

Setti á fót [faggildingarstofu](#) - *International Organic Accreditation Service (IOAS)* - til að stuðla að samræmingu vottunar lífrænnar framleiðslu um allan heim (ISEAL meðlimur)



Regnhlífasamtök – utan um matvælaöryggis-/gæða- og sjálfbærni-/umhverfisstaðla

Global Food Safety Initiative (GFSI) - stofnuð 2000

Global Sustainable Seafood Initiative (GSSI) - stofnuð 2012

- Regnhlífasamtök **hagsmunaaðila** úr allri aðfangakeðjunni, opinberra- og alþjóðastofnana, fræðimanna og þeirra sem þjónusta iðnaðinn
- **Leggja mat** á ákveðnar tegundir staðla og í kjölfarið hvort þeir fari á lista yfir **viðurkennda staðla** sem þá eru taldir **sambærilegir**
- Hafa **einfaldað** staðlaumhverfið




Markmiðið

- Auka **gagnsæi vottunar** og **auðvelda samanburð**
- Efla þannig **traust** og stuðla að **upplýstu vali** í viðskiptum
- Í kjölfar þess hafa smásalar í auknum mæli einungis gert kröfu um **GFSI/GSSI viðurkenndan staðal** fremur en einn ákveðinn staðal



GFSI viðurkenndir matvælaöryggis- og gæðastaðlar

- *Samtök smásala og fagaðilar* í ólíkum löndum hafa þróað fjölmarga staðla sem eiga að tryggja öryggi og gæði matvæla
- Byggja jafnan á [CODEX](#), [HACCP](#), [GMP](#), [matvælaöryggjörðinni](#) og [staðli ISO um matvælaöryggi](#) - en *gangna yfirleitt lengra* eins og lýst er á myndinni
- Sífelld algengara er að smásalar *geri kröfu um* að birgjar þeirra séu með vottun samkvæmt slíkum staðli, sérstaklega þegar um eigið vörumerki (PL) er að ræða
- Með tilkomu GFSI hefur það *aukist* að smásalar geri kröfu um [GFSI viðurkenndan staðal](#) fremur en einn ákveðinn staðal
- Algengt er að fyrirtæki velji þann staðal sem var þróaður á þeirra helsta útflutningsmarkaði
- Dæmi um það er [BRC](#) í Bretlandi og [IFS](#) á meginlandi Evrópu
- Sum fyrirtæki innleiða *fleiri en einn* til að uppfylla kröfur ólíkra viðskiptavina/markaða



GSSI viðurkenndir sjálfbærni- og umhverfisstaðlar

– fyrir villtar fiskveiðar og fiskeldi

- **GSSI** er alþjóðlegur *samvinnuvettvangur* verslanakeðja, félagasamtaka, sérfræðinga og opinberra og alþjóðlegra stofnana
- **Markmiðið** með starfsemi GSSI er að auka gagnsæi vottunar og auðvelda samanburð og efla þannig traust og stuðla að upplýstu vali í viðskiptum með vottaðar sjávarafurðir – kröfur GSSI byggjst fyrst og fremst á samþykktum FAO
- **Fyrirtæki sem eru félagar** í GSSI hafa **skuldbundið sig til að viðurkenna** öll þau **vottunarverkefni** sem standast GSSI úttekt, þegar kemur að innkaupum á sjávarafurðum og eldisfiski
- Meðal þeirra eru verslunarkeðjur og fyrirtæki eins og Ahold Delhaize, Morrisons, Metro Group, High Liner Foods og Trident



*FAO Guidelines for the Ecolabelling of Fish and Fishery Products from Marine/Inland Capture Fisheries and FAO Technical Guidelines for Aquaculture Certification.



Dæmi um smásala sem gera kröfu um GSSI viðurkenndan staðal fremur en einn ákveðinn staðal

Alþjóðlegar vottanir

Helstu vottanir sem skipta máli á mörkuðum fyrir íslenskar matvælaafurðir



Ólíkar tegundir vottana

- **Stjórnunarkerfisvottanir**
 - Almennar (t.d. ISO 9001/gæða og 14001/umhverfis)
 - Matvælaöryggis- og gæða (t.d. BRC og IFS, ISO 22000 og FSSC 22000)
- **Sjálfbærni/umhverfisvottanir fyrir fiskveiðar og fiskeldi**
 - Villtar fiskveiðar (t.d. IRF og MSC)
 - Fiskeldi (t.d. ASC og BAP)
- **Vöruvottanir** (t.d. lífræn, siðgæðis, trúartengdar, dýravelferðar og „free-from“)
- **Næringarfullyrðingar** (t.d. Skráargatið, Hjartamerkið og Umferðarljós)

Matvælaöryggis- og gæðastaðlar GFSI viðurkenndir

BRC - upphaflega þróað af samtökum **breskra** smásala

IFS - upphaflega þróað af samtökum **þýskra** og **franskra** smásala

SQF - upphaflega þróað af samtökum **bandarískra** smásala

FSSC - inniheldur allar kröfur ISO 22000 plús viðbætur - í eigu **hollenskrar** stofnunar



CANADA GAP – sértækt fyrir ávexti og grænmeti viðurkennt af **kanadískum** yfirvöldum

GLOBALG.A.P. (áður EUREPGAP) – sértækt fyrir landbúnaðarafurðir byggt á CANADA G.A.P. þróað af vinnuhópi **evrópskra** smásala

GRMS - þróað í **Danmörku** og er sniðið að þörfum kjötiðnaðarins fyrir rautt kjöti og kjötvörur

Global Aquaculture Alliance - alþjóðlegt bandalag um ábyrgt fiskeldi sem kemur meðal annars að gerð fiskeldisstaðla eins og BAP



Sjálfbærnistaðlar fyrir villtar fiskveiðar – GSSI viðurkenndir

Vottun staðfestir *ábyrga fiskveiðistjórnun* og *góða umgengni um auðlindir sjávar*

- [Marine Stewardship Council \(MSC\)](#) – alþjóðlegur staðall
 - Alþjóðleg sjálfseignarstofnun
- [Iceland Responsible Fisheries \(IRF\)](#) – landsstaðall Íslands og upprunamerki
 - Í eigu sjálfseignarstofnunarinnar *Ábyrgara fiskveiða*
- [Alaska Responsible Fisheries \(Alaska RFM\)](#) – landsstaðall Alaska og upprunamerki
 - Próað með Iceland Responsible Fisheries sem fyrirmynd



Umhverfisstaðlar fyrir fiskeldi – GSSI viðurkenndir

Vottun staðfestir ábyrga umgengni við umhverfið, samfélagsábyrgð, matvælaöryggi, dýravelferð og rekjanleika
Tekur til allrar virðiskeðjunnar, þ.e. fiskeldisins sjálfs, vinnslustöðva, klakstöðva og fóðurframleiðslu

- **Best Aquaculture Practices (BAP)**

- BAP er umfangsmesta óháða vottunarkerfið í heiminum fyrir fiskeldi skv. heimasíðu þeirra
- Byggir viðmiðum Global Aquaculture Alliance (GFSI viðurkennd samtök)



- **GlobalG.A.P. Aquaculture system** - viðurkennt af [GSSI](#) í apríl 2018

- Er í eigu [GlobalG.A.P.](#)
- Öðlaðist viðurkenningu [GFSI](#) fyrir “scope A2 farming of Fish” – eini fiskeldisstaðallinn sem hefur fengið hana



- **Aquaculture Stewardship Council (ASC)** - viðurkennt af GSSI í ágúst 2018

- ASC er þróaður sérstaklega fyrir fiskeldi af sömu aðilum og eru á bakvið MSC
- Búist við að hann nái svipaðri stöðu og MSC í heiminum skv. viðmælanda



Vöruvottanir

Lífræn vottun, siðgæðis vottanir, trúartengdar vottanir, dýravelferðarvottanir, og „Free From“ vottanir

Lífræn vottun


- Óháð staðfesting á að varan sem um ræðir eigi uppruna sinn í *lífrænum landbúnaði*
- Evrópusambandið gefur út **reglugerðir** um lífræna landbúnaðarframleiðslu
Er að ljúka gerð nýrrar gerðar sem mun líklega taka gildi innan 3ja ára
- Framkvæmd löggjafar um lífræna framleiðslu annast *lögbær yfirvöld* í hverju landi
Á Íslandi er hún í höndum *Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins* og *Matvælastofnunar*
- **Markmiðið** er að auka sjálfbæra ræktun og stuðla að fjölbreytileika í úrvali hágæðavöru, umhverfisvernd, líffræðilegri fjölbreytni, dýravelferð, gegnsæi á markaði og neytendavernd
- Í maí 2017 innleiddu íslensk stjórnvöld núverandi gerðir ESB, upphaflega settar 2007-2009
 - Gaf íslenskum fyrirtækjum færi á að nota **Evrópulaufið** - lífræna merki ESB - á vörur sínar, **ásamt** vottunarkerki Túns
 - Þurfa að **sækja um** það til Túns sem veitir leyfið formlega
 - Geta líka sótt um leyfi til að nota **merki þeirra landa** sem þau selja til, til að auka líkurnar á að neytendur þekki lífræna merkið
- **Gagnkvæm viðurkenning** er á milli US og EU á merki bandarískra yfirvalda *USDA organic* og *Evrópulaufsins*
 - Noregur og Ísland eru ekki á þeim lista eftir því sem næst verður komist
 - Þurfa því að vinna að því að komast inn í þessa samninga til þess að standa jafnfætis ESB-löndum



Lífræni markaðurinn

- *Heimsmarkaður* fyrir lífrænt vottaðar vörur hefur meira en *fjórfaldast* frá árinu 2001
- *Framleiðendum* á lífrænum vörum hefur fjölgað og *land* hagnýtt til lífrænnar ræktunar, beitar og jurtasöfnunar hefur *vaxið* hröðum skrefum
- *Eftirspurnin* fer vaxandi og hefur verið *meiri en framboðið*
- Langstærsti markaðurinn árið 2016 var *Bandaríkin*, á eftir honum kom *Þýskaland* og svo *Frakkland*
- Í skýrslunni [The World of Organic Agriculture](#) má finna ítarlegar upplýsingar um vöxt og viðgang lífræna geirans
 - Á *BioFach 2018* var [kynning](#) á henni

Próun á sölu lífrænna matvæla í milljörðum Bandaríkjadollara



Siðgæðisvottanir - Fair Trade

- **Valkostur** við hefðbundin viðskipti þar sem **bóndinn** fær betri samninga og viðskiptaskilmála
- Gefur **neytendum** tækifæri til að **draga úr fátækt** í gegnum sín daglegu innkaup
- **Fjöldi ólíkra merkja** eru til í heiminum sem sýnir **vaxandi áhuga og útbreiðslu** hugmyndafræðinnar

AÐILDARFÉLÖG

World Fair Trade Organization (WFTO)

Alþjóðlegur fulltrúi þeirra sem skuldbinda sig til að stunda heiðarleg viðskipti

Starfar í <70 löndum í fimm heimsálfum

<400 meðlimir árið 2016

Fulltrúi hundruða þúsunda smárra framleiðenda



Fair Trade Federation

Viðskiptasamtök fyrirtækja sem stunda heiðarleg viðskipti í Norður Ameríku

Er einn af meðlimum WFTO



VOTTUNARADILAR - stærstu

Fair Trade International

Alþjóðlegt - best þekkt í Evrópu

UTZ / Rainforest Alliance

Helsti keppinautur FTI í Evrópu

Sameinuðust í janúar 2018

Fair Trade Certified

Áður Fair Trade USA

Best þekkt í Bandaríkjunum

Fair for life - óvörutengdur


Vottar öll skref aðfangakeðjunnar og heilu fyrirtækin



Fair trade markaðurinn

- Sala [Fair Trade International](#) vottaðra vara fimmfaldaðist á tíu árum (sjá mynd)
 - Þrjár söluhæstu vörurnar eru [bananar, kakó og kaffi](#) - standa á bak við 80% álagsteknanna
- Um [90% sölu](#) fairtrade vara er innan Evrópu og Norður Ameríku, [skýrslan](#) í heild sinni
- **Stærstu markaðirnir** fyrir fairtrade vottaðar vörur eru Bretland, Þýskaland og Bandaríkin
- **Útgjöld á hvern íbúa** í kaupum á vottuðum vörum voru mest í Sviss, Írlandi, Svíþjóð og Bretlandi
- **Hæsta markaðshlutdeild** vottaðra vara er í Sviss, Svíþjóð, Finnlandi og Írlandi

Próun á alþjóðlegri sölu Fair Trade International vottaðra vara í milljónum Evra



Trúartengdar vottanir – Kosher og Halal

- Tvö elstu og útbreiddustu trúarbrögðin í heiminum - *Íslam* og *Gyðingdómur* - hafa sínar eigin kröfur til matvæla sem nefnast Kosher hjá Gyðingum og Halal hjá Múslimum
- Framleiðendur matvæla um allan heim taka í *auknum mæli* tillit til þarfa þessara stóru trúarhópa
- Krafa í löndum sem kenna sig við þessi trúarbrögð – sívaxandi eftirspurn innan vestrænna ríkja
- Framleidd undir *ströngu eftirliti*, sem gefur þeim ákveðinn *gæðastimpil*
- Stærstu kaupendahópanir í hinum vestræna heimi velja þær af *öðrum en trúarlegum ástæðum*, þá *einkum þeirri að þeir treysta þeim betur*; telja þær *hollari*, af meiri *gæðum*, vegna *veganisma* og *ofnæmis*
- Hafa verið einna *mest* vaxandi *matvælafullyrðingarnar*



Kosher

- [Alþjóðlegi kosher markaðurinn](#) fyrir matvæli var metinn á \$24 trilljónir árið 2017 og er áætlað að hann muni vaxa um 11,6% á ári frá 2017-2025
- Langalgengasta merkið er **U** með hring utan um, en **K** merkið er líka algengt
- *Orthodox Union (O.U.)*, New York telur að næstum [80% af sölu kosher merktra matvæla](#) sé til utan hins hefðbundna Gyðingamarkaðar. Meira en 12 milljónir Ameríkana velja Kosher matvæli af ástæðum tengdum heilsu, matvælaöryggi, bragðgæða, veganisma, laktósaóþols og annarra mataræðistakmarkana
- *O.U.* er [langstærsta vottunarstofan](#) fyrir kosher matvæli; hefur vottað um 70% af kosher matvælum í heiminum sem nær til yfir 1 milljónar matvæla sem eru framleidd í um 8.500 verksmiðjum í yfir 100 löndum um allan heim.
Vottunarkerki hennar er U-ið
- Kosher matvæli höfða einnig til *múslima* en fjöldi þeirra fer vaxandi
 - Hafa tilhneigingu til að velja Kosher merktar vörur þegar Halal merktar eru *ekki í boði*
- [Kosher reglurnar](#) byggja að mestu á því hvaða dýr er leyft að borða
 - Bannað að neyta blóðs og að blanda saman mjólk og kjöti
 - Matvælin mega ekki innhalda bannaðar afurðir eins og svínaafurðir eða skelfisk
 - Fiskurinn verður að hafa ugga og hreistur sem auðvelt er að fjarlægja
 - Ýmsar afurðir sem unnar eru úr bönnuðum dýrum má ekki nota til íblöndunar svo sem fitu, kítín og gelatín
 - Allar dýraafurðir verða að eiga uppruna sinn úr dýrum sem hefur verið slátrað samkvæmt lögum Gyðinga
 - Til viðbótar gilda strangari reglur á föstunni, þá mega Kosher matvæli ekki innhalda ýmsar korntegundir



Halal

- [Alþjóðlegi Halal markaðurinn](#) var metinn á tæpar \$1,4 trilljónir árið 2017 og er búist við því að hann haldi áfram að vaxa um ríflega 11% á ári til ársins 2024 og verði þá orðinn \$2,6 trilljónir
- Í Bandaríkjunum eyddu neytendur [\\$22,6 milljörðum](#) í Halal vottuð matvæli árið 2016 og er áætlað að árið 2021 verði þeir orðnir \$26,8 milljarðar
- Ekki er eitt **merki** algengast eins og á við í Kosher
- Halal er arabískt orð sem þýðir *löglegt* eða *leyfilegt*
 - Jafnvel þó hugtakið eigi við um fjölmargt tengt daglegu lífi þá á það við um samsetningu vörunnar og það umhverfi sem hún var framleidd í þegar það tengist matvælum
- Samkvæmt íslömskum lögum er eftirfarandi matur og drykkur ekki leyfilegur - allur fiskur er Halal
 - Svínakjöt og svínakjötsafurðir
 - Dýr sem var ekki slátrað með Halal aðferðinni
 - Dýr sem voru dauð áður en þeim var slátrað
 - Kjötætur og ránfuglar
 - Blóð og blóðafurðir
 - Dýr sem eru menguð af ofantöldu
 - Áfengi og aðrir vímugjafar
- Gerð er krafa um að dýrum séu látið blæða vel eftir slátrun og að nafn Allah sé nefnt um leið og dýrin eru skorin á háls. Framleiðslutæki, hreinsiefni og umbúðir verða að vera laus við bönnuð efni



Dýravelferðarvottanir

- Staðfesting á því að aðbúnaður og meðhöndlun dýranna sé í samræmi við tiltekinn staðal
- Helstu bandarísku vottanirnar



- Innan ESB er engin velferðarvottun búfjár, en ólíkar vottanir í ólíkum löndum og smásölum, t.d. [danska merkið fyrir svínaræktendur](#) og [merki verslunarkeðjunnar Coop](#)

Sífelld meiri þrýstingur er á **samevrópska löggjöf** – í dag eru aðeins [almennar reglur](#)

- **Aukin vitund** almennings um meðferð sláturdýra og þrýstingur á úrbætur sem og aðgerðir framleiðenda til að bregðast við því stuðlaði að gerð **alþjóðlegs ISO staðals um dýravelferð**

[ISO/TS 34700:2016](#) **Almennar kröfur og leiðbeiningar fyrir aðila aðfangakeðjunnar**

Markmið: Tryggja velferð sláturdýra um allan heim í gegnum ákveðin markmið sem tilgreind eru í staðlinum og er ætlað að aðstoða matvæla- og fóðuriðnaðinn við að þróa dýravelferðaráætlun sem er í samræmi við grundvallaratriði [World Organization of Animal Health](#) (OIE) [Terrestrial Animal Health Code](#) (TAHC)



Free From



- Mikill vöxtur er í markaðssetningu og sölu á matvælum sem eru [laus við efni](#) sem sístækkandi hópar fólks annað hvort ***kjósa*** eða ***þurfa*** að forðast (vegna ofnæmis/óþols)
- Hugtakið *Free-From* (laust við) er gjarnan notað til að aðgreina þau matvæli sem eru sérstaklega merkt án þessara efna frá öðrum matvælum
- ***Vottanirnar*** sem til eru fyrir þennan hóp vara eru; ***Non-GMO, Gluten Free, Vegan/Vegetarian*** og vottun sem tengist sykurmagni vörunnar sem kallast *Sugarwise*, en hún er hvorki þekkt né útbreidd
- ***Heimilt er að merkja vörur með þessum fullyrðingum án vottunar*** en fyrirtæki þurfa að geta sýnt fram á að *réttmæti* fullyrðinganna sé þess krafist, skv. [reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda](#)



GLUTEN-FREE
CERTIFICATION
PROGRAM



Vottað án erfðabreyttra hráefna

- Með [erfðatækninni](#) fást erfðabreyttar lífverur (GMOs) en þær eru skilgreindar sem lífverur þar sem erfðaefninu (DNA) hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun
 - Erfðabreyttar lífverur geta verið plöntur, dýr og örverur eins og t.d. bakteríur og sveppir
- GMO free/Non GMO fullyrðing á vöru sem þýðir að hún innihaldi ekki erfðabreytt hráefni
 - [Í sumum löndum ESB](#) eru í gildi reglur eða leiðbeiningar um notkun fullyrðingarinnar „GMO-free“ á merkingum matvæla. Landsreglur eða leiðbeiningar eru ekki eins á milli ríkja ESB og eru kröfurnar sem matvæli þurfa að uppfylla til að mega bera þessa fullyrðingu því ekki þær sömu. Þetta misræmi veldur því að vandræði geta skapast þegar vörur eru fluttar á milli landa.
 - Til athugunar er hjá Framkvæmdastjórn ESB hvort nauðsynlegt sé að endurskoða núverandi ástand og setja samræmdar reglur um fullyrðinguna „GMO-free“, sem þá myndu gilda á öllu ESB svæðinu.
- Innan ESB hefur framleiðendum verið [skylt að taka fram í innihaldslýsingu](#) hvaða hráefni eru erfðabreytt síðan 2004 - sú reglugerð, [reglugerð nr. 1237/2014](#) var innleidd hér á landi 2012
 - Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón MAST fara með [eftirlit](#) með því að ákvæðum sé framfylgt
 - MAST fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt vegna erfðabreytts fóðurs.



Vottað án erfðabreyttra hráefna

- Nýleg rannsókn [Nielsen](#) leiddi í ljós að yfir helmingur Bandaríkjamanna leitar eftir vörum sem merktar eru án erfðabreyttra efna.
- Samkvæmt [Mintel Global New Products Database](#) hafa Non-GMO fullyrðingar aukist mest
 - Tæp 16% vara markaðssettar árið 2015 höfðu þessar fullyrðingar, tæp 3% árið 2012
 - Til samanburðar voru fullyrðingar um að varan væri lífrænt vottuð á 13,5% af nýjum vörum.
- Þetta á sérstaklega við um *Bandaríkin* þar sem framleiðendum er ekki skylt að tilgreina í innihaldslýsingu hvort vörur þeirra innihaldi erfðabreytt hráefni
 - Í kjölfarið myndaðist þörf fyrir *staðfestingu þriðja aðila* á því
- Langþekktasti og útbreiddasti staðallinn í Bandaríkjunum er á vegum [The Non GMO project](#)
 - Vörumerkið er aðeins verndað innan Norður Ameríku en framleiðendur geta fengið leyfi til að nota það utan NA á eigin ábyrgð
 - Fjórar [vottunarstofur](#) eru faggildar til að votta samkvæmt staðlinum



Vottað án glútens

- [Alþjóðlegi markaðurinn](#) fyrir glútenlausar vörur var metinn á rúma \$4 milljarða árið 2017 og er áætlað að hann verði orðinn um 6,5 milljarðar árið 2023 sem er árlegur vöxtur upp á 7,6%
 - Bandaríkin eru stærsti markaðurinn og kemur Evrópumarkaður þar á eftir
 - Aukin meðvitund um garnamein (celiac sjúkdóminn) og upptaka sérstaks lífsstíls tengt matvælum eru meginástæðurnar
 - Sem dæmi [forðaðist um þriðjungur Kanadamanna glúten](#) þegar árið 2013. Af þeim voru samt eingöngu 1% með garnamein (coeliac disease) og 6% með glútenviðkæmni - 22% sem forðast glúten af öðrum ástæðum
- Glúten er eini ópolsvaldurinn sem sérstök reglugerð er til um er varðar mörk og sem til eru staðlar sem hægt er að votta samkvæmt
 - Þó er hafin umræða innan Evrópusambandsins á þörf á sambærilegum mörkum fyrir aðra ofnæmis- og ópolsvalda
 - Eins er rætt um hvort samræma þurfi þau ólíku merki sem til eru fyrir vörur án glútens eins og gert hefur verið fyrir lífrænt vottaðar vörur með Evrópulaufinu.
- Í mars 2015 tók [reglugerð ESB nr. 828/2014](#) gildi á landi, [reglugerð 684/2015](#)
 - Í henni kemur fram hvernig eigi að merkja glútenlausar vörur en skv. henni er bannað er að merkja vörur á annan hátt en með staðhæfingunum *Glútenlaus* eða *Afar lítið glúteninnihald*
- Þau fyrirtæki sem framleiða vörur sem sérstaklega eru markaðssettar til fólks með *glútenofnæmi* velja í auknum mæli að fá [vottun þriðja aðila](#) um að varan sé glútenlaus
 - Þegar neytendur sjá vöru með slíku merki eiga þeir að geta *treyst því* að óháður þriðji aðili hafi tekið út *allt framleiðsluferlið*; allt frá akrinum þar sem kornið var ræktað til flutnings, vinnslu og pökkunar

Vottað án glútenis

- Helstu evrópsku merkin
 - [Association of European Coeliac Societies](#) (20 ppm)
- Helstu bandarísku merkin
 - [The Gluten Free Certification organization](#) (10 ppm) – alþjóðleg
 - [The Gluten-Free Certification program](#) – alþjóðleg
 - [The National Celiac Association](#) (5 ppm)
 - [Certified gluten-free](#) (NSF) (20 ppm)



Vottað án dýraafurða

- Mikil aukning er í fjölda þeirra sem aðhyllast vegetarian eða vegan lífsstíl
[Vegetarians](#) (grænmetisætur) neyta ekki kjöts en borða t.d. mjólk og/eða egg en innan grænmetishyggjunnar eru margar ólíkar hugmyndir og stefnur
[Vegans](#) (grænkerar) sneiða hjá öllum dýraafurðum, þ.m.t. hunangi, gelatíni, leðri, ull og ullarfitu
Samkvæmt skýrslunni [Top trends in prepared foods 2017](#) er *Go Meat Free* efst á lista sex helstu neyslustrauma ársins
- Á tímabilinu 2014-2017 [fjölgaði þeim](#) sem skilgreina sig sem vegan úr 1% í 6%
Markaðurinn hefur brugðist skjótt við og hefur vörum merktar „vegan“ og „vegetarian“ fjölgað gríðarlega en aðeins lítil hluti þeirra vottaður
- Hugtökin *vegan* og *vegetarian* eru hvergi lögvernduð
Nú er þó að verða breyting á í kjölfar mikils þrýstings, þá sérstaklega frá European Vegetarian Union (EVU) og stefnir Evrópusambandið á [samræmda löggjöf 2019](#)
- Engar opinberar áreiðanlegar tölur eru til um fjölda þeirra og hafa Samtök evrópskra grænmetisæta skorað á ESB að gera slíka könnun.
Samantekt kannana á [Wikipedia](#) sýndi að grænmetisætur væru á bilinu 10-20% og grænkerar á bilinu 0,2-7% á helstu útflutningsmörkuðum Íslendinga
- Meðal helstu merkja eru [Vegan Society](#), [European Vegetarian Union](#) og [Vegan Action](#)



Upprunamerki

Geographical Indication (GI): PDO, PGI, TSG

Vernd afurðaheita: Upprunatilvísun, landfræðileg tilvísun, hefðbundin sérstaða

Slow Food Presidio

Vernd afurðaheita

Vernd afurðaheita (e: Geographical Indication eða GI) er auðkennandi merki notað til að einkenna vöru sem upprunna frá tilteknu landi eða svæði, þegar gæði, orðstír eða önnur einkenni vörunnar tengjast þeim landfræðilega uppruna

Eftirfarandi merki voru *hönnuð* og *innleidd* með reglugerð innan Evrópusambandsins. *Tilgangurinn* var að *samræma* þær merkingar sem þegar voru í notkun innan sambandsins



ESB hefur síðan barist fyrir *viðurkenningu* þessara vöruheita um heim allan í gegnum *tvíhliða samninga*

Hér má finna stefnu og staðreyndablað frá framkvæmdastjórn ESB um vernd afurðaheita

Hér má finna kynningu frá mars 2018 frá framkvæmdastjórn EU um vernd afurðaheita innan sambandsins

Vernd afurðaheita – GI merkin



Upprunatilvísun (e: Protected Designation of Origin / PDO)

- Vörurnar þurfa **að öllu leyti** að vera framleiddar á þeim stöðum sem gefa hið sérstaka **bragð og áferð**
- Staðir þurfa að vera **landfræðilega afmarkaðir**; í sumum tilfellum **heilu löndin** og eru gæði vörunnar þá alfarið bundin við **náttúru og menningu** þeirra (dæmi: íslenska lambið)
- Sérstaða vörunnar er þannig bæði vegna tiltekinna **umhverfisaðstæðna** en einnig þurfa að koma til **hefðir svæðisins** við framleiðsluna



Landfræðileg tilvísun (e: Protected Geographical Indication / PGI)

- Svipað og PDO nema að ákvæðið er **ekki eins þröngt**
- Varan getur fengið vottun þó svo að hún sé **aðeins að hluta** framleidd á tilteknu svæði með tiltekinni **aðferð** (dæmi: spænska Jamón ibérico skinkan - nægjanlegt er að hjarðirnar séu 50% svört ibérico svín)



Hefðbundin sérstaða (e: Traditional Specialities Guaranteed / TSG)

- Mun **víðara og ólíkt** hinum tveimur merkjunum tengist það ekki nauðsynlega tilteknu landsvæði
- Aðeins verið að **tryggja tiltekna eiginleika** sem fyrst og fremst tengjast **hefðbundinni framleiðsluaðferð** sem kynslóðir hafa miðlað áfram með að lágmarki **30 ára sögu**
- Liggja þar fyrir **hvaða sérstöku eiginleika** vörunnar er verið að tryggja

Vernd afurðaheita - Ísland

Í desember 2014 voru samþykkt [lög nr. 130/2014 um vernd afurðarheita](#) og taka þau til ESB merkjanna þriggja



Í 26. gr. er fjallað um ***gagnkvæma viðurkenningu*** á milli ESB og Íslands á grundvelli milliríkjasamnings

Erlend afurðarheiti sem skráð eru í upprunalandi njóta því einnig verndar hér á landi

Senda skal umsóknir til ***Matvælastofnunar*** sem fer yfir umsóknirnar

Leitar umsagnar frá ***Einkaleyfastofunni*** og ***Samtökum atvinnulífsins***

Matvælastofnun er heimilt að leita umsagnar ***annarra sérfræðinga*** um viðkomandi afurð eftir því sem við á

Slow Food samtökin

Markmið: Auka vitund um mikilvægi matarmenningar, þekkingar, hefða og landfræðilegs uppruna matvæla

Bragðörk Slow Food – afurðirnar sjálfar (1996)

- **Skrá** yfir afurðir sem taldar eru í **útrýmingarhættu** vegna iðnvæðingar, umhverfisspjalla og/eða stöðlunar á framleiðslu
- **Hver sem er** getur skráð afurðir í Örkina – nú (5.09.2018) eru **4.852** vörur skráðar og 690 á bið eftir skráningu
- **EKKI** er leyfilegt að nota merkið á umbúðir eða í markaðsetningu, sjá meira í **[FAQ Slow Food](#)**
- **Nauðsynlegur undanfari** þess að sækja um **Presidio** vottun - vekur athygli á gildi afurðanna

Slow Food Presidia - vottun fyrir hóp framleiðenda/ræktenda (1999)

- **Markmið:** Vðhalda gæðaframleiðslu hjá **smáframleiðendum** og **handverki** sem á á **hættu að deyja út** og vernda þar með einstök svæði og vistkerfi, endurvekja hefðbundnar framleiðsluaðferðir og standa vörð um upprunaleg búfjáarkyn og staðbundnar plöntutegundir
- **Heimilt** er að nota merkið á vörur og í markaðssetningu á vottuðum vörum
- Í dag (5.09.2018) eru Presidio vörur orðnar 551 og tengjast meira en 13.000 framleiðendum
- Upplýsingar um hvernig eigi að sækja um Presidia vottun má finna **[hér](#)**





Staðan á Íslandi

Fjöldi fyrirtækja með valkvæðar vottanir

Um helmingur skv. nokkrum könnunum – hærra hlutfall í þessari rannsókn – handvalið úrtak

- Í [Gallup könnun Íslandsstofu](#) frá 2015 kom fram að um *helmingur* fyrirtækjanna (af 157) hafi hlotið gæða- og/eða umhverfisvottun
- Í [rannsókn frá árinu 2016](#) sagðist *tæpur helmingur* íslenskra matvæla­fyrirtækja (af 59) hafa innleitt önnur *gæðakerfi* en HACCP
af þeim voru 12 með BRC, 6 með IFS, tvö með FSSC, tvö með Global G.A.P.
- Í [netkönnun SI](#) meðal aðildarfélaganna frá 2017 sagðist *rúmur helmingur* (af 71) vera með vottun þar meðtalið voru CE merking, vottanir fyrir óætar vörur eins og Svansvottun og lögbundin vottun eins og HACCP

Staðan almennt – hjá fyrirtækjum sem stunda útflutning

- Viðmælendur finna fyrir *auknu mikilvægi* vottana á erlendum mörkuðum
- Kröfurnar koma jafnan frá *lykil kaupendum* erlendis
- Þær vottanir sem *valdar* eru byggjast fyrst og fremst á *kröfum* lykil viðskiptavina
- „*Kröfur erlendis allt aðrar og miklu meiri*“ - “*þeim mun fleiri vottanir því betra*” -
“*útflutningur stuðlar að betri rekstri vegna aukinna krafna*”
- Byggja fyrst og fremst á *trausti* með *heimsóknum* kaupenda og með því að aðlaga sína starfsemi að þeirra kröfum – á einnig við um stærri fyrirtæki
- Gjarnan beðin um að gera einhverjar *breytingar* eftir heimsóknir kaupenda

Staðan almennt – hjá fyrirtækjum sem stunda útflutning

- Viðmælendur voru **jákvæðir** gagnvart vottunum og **skildu** í grundvallaratriðum tilgang þeirra og ávinning
- Flestir höfðu **áhuga** á að fá vottanir sem fyrirtækið var ekki með en voru ekki vissir um hvort grundvöllur væri fyrir því eða áttu eftir að skoða það betur
- Fáliðuð minni fyrirtæki sem eru jafnvel að stíga sín fyrstu skref í útflutningi eru síður tilbúin til að taka þau skref þar sem aðrir hlutir virðast mikilvægari á þeim tímapunkti
- Setja gjarnan **fullyrðingar** og **merki** á umbúðir sem krefjast ekki vottunar, en þó í minna mæli en búast mætti við vegna þróunarinnar erlendis
- Nokkrir nefndu að þeir væru að gæla við **upprunamerki** í anda PDO

Staðan almennt – hjá fyrirtækjum sem stunda útflutning

- *Matvælaöryggis- og gæðavottanir* í framleiðslu og *sjálfbærnivottanir* í sjávarútvegi að verða **reglan** fremur en undantekningin
- *Umhverfisvottanir* í fiskeldi að **aukast** – flest sem stunda útflutning í undirbúningi eða innleiðingarfasa ef ekki þegar komin með
- *Vöruvottanir* og *upprunamerki* enn fátíð en áhugi mikill
- Aukin krafa um **siðgæðisvottun** tengda kjörum og aðbúnaði – að ekki sé notast við ólöglegt vinnuafli/mansal (UTZ nefnt sem vottunaraðili)

Viltar fiskveiðar

Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi eru fyrst og fremst með vottun samkvæmt stöðlum IRF og MSC sem báðir eru viðurkenndir af GSSI

Iceland Responsible Fisheries (IRF) – landsstaðall Íslands og upprunamerki

Ábyrgar fiskveiðar ses

Stofnað árið 2011 af *Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi* (áður LÍÚ og SF) og *Landssambandi smábátæigenda*

Tilgangur: Eiga og annast rekstur vörumerkja um ábyrgar fiskveiðar, gerð og viðhald samninga um vottun ábygrra fiskveiða, miðlun upplýsinga um fiskveiðar Íslendinga með sérstaka áherslu á kaupendur og neytendur íslenskra sjávarafurða og önnur skyld verkefni

Markmið: Stuðla að og viðhalda ábyrgum fiskveiðum til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir

Vottunaraðili: Global Trust Ltd.

Vottun á sjálfbærni fiskistofna – skv. [fiskveiðistjórnunarstaðli](#) í eigu Ábygrra fiskveiða

4 fiskistofnar vottaðir

3 í vottunarferli

Rekjanleikavottun – skv. [rekjanleikastaðli](#) í eigu Ábygrra fiskveiða

11 íslensk fyrirtæki - [24 staðir](#)

Helstu ástæður vottunar

Vegna sérstöðu hennar sem upprunavottunar með tengingu við Ísland

[108](#) fyrirtæki á Íslandi, Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu Sviss, Portúgal og Bandaríkjunum hafa gert samning um notkun á upprunamerkinu í sínu markaðsstarfi



CERTIFIED

Seafood from Iceland
for the benefit of future generations
www.ResponsibleFisheries.is

Marine Stewardship Council (MSC) vottun – alþjóðlegur staðall

Iceland Sustainable Fisheries (ISF) (umsækjandi að vottunum)

Stofnað árið 2012 af fyrirtækjum í veiðum, framleiðslu og sölu íslenskra sjávarafurða

Tilgangur: Afla vottana á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland gagnvart staðli Marine Stewardship Council (MSC)

Markmið: Sýna kaupendum og neytendum fram á það, að við Ísland eru eingöngu stundaðar sjálfbærar veiðar...

Vottunaraðilar: Lista yfir faggilda vottunaraðila má finna á heimasíðu þýsku faggildarstofunnar ASI GmbH

Vottunarstofan Tún er faggild til að annast vottun fiskveiða og rekjanleika sjávarafurða samkvæmt staðli MSC.

50 fyrirtæki eru hluthafar í ISF sem fjármagna fiskveiðivottanir og eru að auki með rekjanleikavottun

Vottun á sjálfbærni fiskistofna

16 fiskistofnar vottaðir

3 í vottunarferli (sólkoli, innsjávar- og úthafsækja)

1 í vottunarstöðvun (grásleppa)

Rekjanleikavottun

Um 140 íslensk fyrirtæki - um 170 staðir

Alþjóðlega um 4.000 erlend fyrirtæki – um 20.000 staðir

Ástæður vottunar: Fyrst og fremst krafa frá kaupendum

Ísland er *meðal fremstu ríkja* í MSC vottun fiskveiða hvað magn og umfang varðar



Fiskeldi

Þau u.þ.b. tíu sem eru í útflutningi eru ýmist komin með, eru í ferli eða stefna að því að fá vottun – stóru 5-6 að vinna sig í áttina að ASC

GSSI viðurkenndir

- [ASC](#) – einn viðmælenda stefnir þangað (er með Whole Foods vottunina)
- [BAP](#) – einn viðmælenda með (líka Whole Foods vottunina)

Responsibly Farmed - Whole Foods Market

- Minni kröfur en BAP og ASC – “skref á leiðinni”
- IMO vottunaraðilinn



AquaGAP

- Fjögur íslensk fyrirtæki skv. heimasíðu þeirra



Friend of the Sea

- Ekki talin trúverðug og ekki vitað um neitt fyrirtæki sem er að nota hana
- Sama endurgjöf frá viðmælenda í sjávarútvegi



Íslenskur landbúnaður

- Yfir **50 aðilar** á Íslandi með lífræna vottun
 - Lífrænn landbúnaður: **30 plús 3 í aðlögun**
 - Vinnslustöðvar lífrænna afurða: **33** (þarf af 26 tengt matvælum)
 - Af þeim eru aðeins 2 sem stunda útfluning svo vitað sé
- Annars engar valkvæðar vottanir, en horft er til
 - **Sauðfjárrækt: Non-GMO** (í umsóknarferli), dýravelferð, sjálfbærni, sanngjörn viðskipti, umhverfisfótspor, kolefnisjöfnun og samfélagsábyrgð
 - þegar orðið **verndað afurðarheiti**
 - **Grænmetisbændur:** Horfa til sjálfbærnivottunar/GlobalG.A.P., án varnarefna, kolefnisvottunar (og Skráargatsins)
- Margir líta til þess einstaka árangurs sem hefur náðst í íslenskum sjávarútvegi
 - Sá árangur eykur virði aflans, setur hann í annan og hærri flokk og eykur traust til fiskafurða frá Íslandi
 - Tækifæri að gera slíkt hið sama með lambakjöt sem dæmi eins og Icelandic Lamb er að vinna í
 - Eina sem gildi eru alþjóðlegar viðurkenndar vottanir – annars ertu fastur á heimsmarkaði
- Horft til annarrar tegundar sjálfbærnivottunar en ekki fundið
 - GlobalG.A.P. helst nefnd en þarf að rýna betur – nær ekki utan um það sem gerir lambakjötið einstakt



Framleiðslufyrirtæki/vinnslur

ISO vottanir

- ISO 9001/gæða, ISO 14000 /umhverfis og ISO 22000/matvæli
- Þróunin er sú að ISO vottanir þykja ekki nóg



GFSI viðurkenndar matvælaöryggis- og gæðavottanir

- BRC algengust, þar á eftir IFS og FSSC 22000 sem inniheldur allar kröfur ISO 22000 plús viðbætur



Vöruvottanir

- Mjög lítið um en *vaxandi áhugi* og *skilningur* á mikilvægi
- Sérstaklega á *lífrænni vottun* en enginn sá fram á að geta fengið eins og sakir standa – einn var með
- Siðgæðisvottun á hráefni, Halal/Kosher á framleiðsluna, ekkert með vottun tengt “Free-From”
- Eitt fyrirtæki tók út erfðabreytt hráefni fyrir Whole Foods



Upprunamerki

Staðan á Íslandi

Upprunamerki í notkun á Íslandi

Íslenska upprunamerkið

Íslenska lambakjötið er eina afurðin sem hlotið hefur rétt til að nýta það - [skráð verndað afurðaheiti](#)

Sóst hefur verið eftir sambærilegri vernd afurðaheitisins í ESB byggt á milliríkjasamningi um gagnkvæma viðurkenningu



Iceland Responsible Fisheries

Upprunamerki fyrir íslenskt sjávarfang tekið í notkun 2008

52 íslensk fyrirtæki og 56 erlend fyrirtæki hafa rétt til að nota merkið skv. reglum Ábyrgra fiskveiða ses.

Tilgangur merkisins er að tryggja kaupendum og neytendum upplýsingar um að íslenskar sjávarafurðir eigi uppruna sinn í ábyrgum fiskveiðum Íslendinga

Vörumerkið skal nota í samræmi við leiðbeiningar um notkun merkisins sem staðfestar eru af stjórn Ábyrgra fiskveiða ses.



Upprunamerki í notkun á Íslandi

Slow Food – félagasamtök

- Bragðörk Slow Food – má ekki nota á umbúðir
 - 20 íslenskar vörur skráðar
 - Nauðsynlegur *undanfari* Presido
- Slow Food Presidio
 - Íslenska geitin og skyrið
 - Presidio oft undanfari verndunar ESB



Ávinningur og áskoranir

...við vottanir

Ávinningur

Stjórnunarkerfis/gæða/sjálfbærni/umhverfisvottanir

- Aðgengi að markaði – í auknum mæli einfaldlega þær kröfur sem gerðar eru
 - Í sumum tilfellum kemst ekki inn á markað án vottunar – annars fastur á heimsmarkaði
 - Gengur í gegnum virðiskeðjuna
- Setur vöruna í annan og verðmætari flokk
 - En oft lágmarkskrafa
- Bættur rekstur og stjórnun – allt í fastari skorðum
 - Verkferlar fastmótaðir og eftirlit með þeim
- Betri vörugæði
- Aukið traust, bætt ímynd og markaðsstaða



Vöruvottanir og upprunamerki

- Höfða til þeirra sístækkandi hópa neytenda sem gera kröfu um og/eða leita eftir vörum með slíkar vottanir og í mörgum tilfellum tilbúnir til þess að greiða meira fyrir slíkar vörur

Áskoranir

- Kostnaður - vinna - tími
- *“Flókið og óaðgengilegt kerfi sem kostar tíma og fyrirhöfn að kafa ofan í”*
- **Matvælaöryggis- og gæðavottanir**
 - Ef fyrirtækið er með virkt innra eftirlit og hefur innleitt HACCP er það góður grunnur til að byggja á
 - Frumathugun sýnir fram á hve miklu þurfi að breyta
 - Í kjölfarið þarf að meta hvort starfsemin beri þann kostnað og hafi tök á að leggja í þá vinnu sem þarf
 - Ennfremur meta hvort muni skila sér í betri rekstri, hærra verði og aukinni sölu
- **Vöruvottanir**
 - *Ræktunaraðferðir* – eru þær mögulegar eða er ræktandinn tilbúinn til að gera þær breytingar sem þarf
 - *Hráefnin í vöruna* – eru þau fánleg og hver er verðmunurinn
 - *Vinnslan* – hve mikið þarf að breyta vinnsluaðferðum og hvað kostar það



Að lokum

Tenging við Ísland, samvinna, áhyggjuefni og tækifæri

Uppruninn - áhugi á tengingu við Ísland

- Áhersla fyrirtækjanna, óháð stærð, er fyrst og fremst *uppruninn* og *sagan* og *miðlun sérstöðu* vörunnar með því að fá kaupendurna í *heimsókn* til að sýna þeim framleiðsluna og landið
- Atriði sem fyrirtækin leggja einkum áherslu
 - **Vörugæðin sjálf**; hreinleiki landsins og hreina orkan, vatnið, loftið og jarðvegurinn sem og útivist, frelsi og fjallhagar búfjár
 - **Ímynd, ásýnd og menning**; norðurljósinn, eldgos, jarðhiti, jöklar, Björk, sagnaarfurinn og annað slíkt
- Mikil tækifæri fólgin í nýtingu hinnar *jákvæðu ímyndar Íslands* um þessar mundir við markaðssetningu íslenskra matvæla
- Áhugi á *séríslenskri sjálfbærnivottun* sem myndi staðfesta þá sérstöðu
 - Myndi spara tíma og fyrirhöfn þar sem margir væru að tala um sama hlutinn - hver með sínum hætti
- Rekjanleiki sem nær ekki eingöngu til Íslands heldur einnig til
 - landsvæðis, beitilands, dýrahóps/einstaklings, akurs, uppskeru o.s.frv.




Samvinna

- Viðmælendur töldu margir hverjir að íslensk matvælaframleiðslufyrirtæki í útflutningi gætu unnið betur saman að sínum *heildarhagsmunum*
- Horfðu til árangurs í *sjávarútvegi*
- Könnun Íslandstofu 2015 staðfestir þetta
 - Tæp 66% forsvarsmanna íslenskra matvælafyrirtækja sem stunda útflutning höfðu mikinn áhuga á *kynningarsamstarfi* meðal íslenskra matvælafyrirtækja þegar kemur að útflutningi og 55% þeirra höfðu mikinn áhuga á *sölusamstarfi*
 - Samhljóma álit fyrirtækja og hagsmunasamtaka að mikilvægt væri að tengja vörurnar við upprunalandið Ísland



Áhyggjuefni að mati viðmælenda

- Að erlend fyrirtæki væru að nýta sér jákvæða ímynd Íslands í sinni markaðssetningu, án þess að hafa neina tengingu við landið og að enginn væri að fylgjast með því eða reyna að stöðva það
- Telja að stjórnvöld og samtök fyrirtækja ættu að aðstoða þau betur við að verja sína hagsmuni
- Gagnrýni á nýju fánalögum - gefa fyrirtækjum sem framleiða vörur úr erlendum hráefnum möguleika á að nota fánamerkinguna
 - Nefnt að í Danmörku væri sú krafa gerð að 50% af framlegð vörunnar yrði að vera eftir í landinu til að mega nota danska fánann og merkja vöruna sem danska - erlend stórfyrirtæki yrðu því að halda framleiðslunni í Danmörku
 - Sama ætti við um viskí í Skotlandi - má ekki kalla það skoskt viskí nema það sé framleitt í Skotlandi
- Lögfesta ólíkar fullyrðingar og hanna merki fyrir hvert og eitt
 - Traditional Icelandic, Handcrafted in Iceland, Product of Iceland, Made in Iceland...



Að lokum - liggja aukin tækifæri í að...?

...upplýsa íslensk fyrirtæki um **ávinning vottana** skv. GFSI og GSSI viðurkenndum stöðlum – byggja á þeim grunni sem kominn er

...hampa **heildararangri** sjávarútvegsfyrirtækja á sviði rekjanleika- og sjálfbærnivottana og viðleitni fiskeldisfyrirtækja í þá átt

...verja **hagsmuni** útflutningsfyrirtækja gegn erlendum fyrirtækjum sem tengja sig ranglega við Ísland

...efla **lífræna** ræktun og framleiðslu **heilstætt** sbr. Danmörk

...Ísland í heild verði yfirlýst **svæði án erfðabreyttra lífvera** sbr. Vallanes og NLFÍ

...vernda fleiri íslensk **afurðaheiti** sbr. lambið – og hvetja til að fleiri sækji um Slow Food Presidio viðurkenningu

...skoða möguleika á **séríslenskri sjálfbærnivottun** sem fangi sérstöðu Íslands sem alþjóðlegar vottanir gera ekki, sbr. GlobalG.A.P.

... tryggja möguleika á **rekjanleika allra** landbúnaðarafurða, ekki bara kjöts

...auka meðvitað notkun eftirfarandi **fullyrðinga** um eiginleika vörunnar á umbúðum og í markaðssetningu

Non-GMO, Gluten-Free, Vegan/Vegetarian, Kosher, Halal (vottunarhæft en má fullyrða án vottunar)

Lífrænt er eina lögverndaða fullyrðingin. Reglugerð um fullyrðingar tengdar glúteninnihaldi.

Clean Label, No Additives, 100% Natural, 100% Grass-Fed, No Pesticides/Anitbiotics/Hormones o.s.frv. (ekki til samræmd viðmið)

Frekari upplýsingar:

www.islandsstofa.is

Bryndís Eiríksdóttir, Íslandsstofa

bryndis@islandsstofa.is

Oddný Anna Björnsdóttir, ráðgjafi

objornsdottir@gmail.com